

Fundargerð Skólaráðs Grunnskóla Snæfellsbæjar 18.október 2016 kl. 16:15.

Mættir voru : Hilmar Már Arason, Elfa Eydal Ármannsdóttir, Dagbjört Hjartardóttir, Guðrún Kristinsdóttir, Guðný Jakobsdóttir, Ásdís L. Pétursdóttir og Guðrún Jenný Sigurðardóttir, Arnheiður Guðmundsdóttir og Ísabella Una Halldórsdóttir.

Dagskrá:

1. Kynning nefndarmanna

Ráðið skipa þetta skólaár:

- Hilmar Már Arason, skólustjóri
- Elfa E. Ármannsdóttir, aðstoðarskólustjóri
- Ásdís Lilja Pétursdóttir, fulltrúi foreldra
- Guðný Heiðbjört Jakobsdóttir, fulltrúi foreldra
- Guðrún Kristinsdóttir, fulltrúi foreldra
- Guðrún Jenný Sigurðardóttir, fulltrúi kennara
- Valgerður Margret Ægisdóttir, fulltrúi kennara
- Dagbjört Hjartardóttir, fulltrúi alm. Starfsfólks
- Arnheiður Guðmundsdóttir, fulltrúi nemenda
- Ísabella Una Halldórsdóttir, fulltrúi nemenda

2. Starfsfólk og stjórnendur

- Stjórnendur og kennarar 38 í tæplega 33 stöðugildum.
- Almenn starfsfólk 28
- Stjórnendur 6 +
- Okkur vantar sérkennara

Nýir starfsmenn:

- Hrönn Árnadóttir, kennari í fyrsta bekk
- Þiðrik Viðarsson, íþróttakennari
- Irma Dögg Toftum, stuðningsfulltrúi í öðrum bekk
- Karítas Hrafns Elvarsdóttir, bókavörður í Ólafsvík
- Sólveig Bláfeld Agnarsdóttir, skólaliði á Hellissandi í forföllum Heiðrúnar Huldu Hallgrímsdóttur.
- ? í forföll fyrir Hildi

Nýliðafræðsla í byrjun september

3. Erindisbréf ráðsins

Erindisbréfið er að finna á bls. 18 í starfsáætlun skólans.


4. Skólinn í tölum í dag til 2022

Fjöldi nemenda í Grunnskóla Snæfellsbæjar

Lýsa	Bekkir	Fjöldi	Umsjónark.	
	Leiksk.	?		
	1.	2	1	
	2.	2		
	3.	3		
	4.			
	5.	2		
	6.		1	
	7.	3		
	8.	3		
	9.	3		
	10.	1		
	St	19	2	
Hellissandur				
	1.	24	2	
	2.	20	1	
	3.	14	1	
	4.	21	1	
	St	79	5	
Ólafsvík				
	5.	16	1	
	6.	28	2	
	7.	22	1	66
	8.	27	2	
	9.	20	1	
	10.	32	2	79
	St	145	9	
Samtals		243	16	

Það er að fækka í skólanum á næstu árum sbr. tölur í eftirfarandi töflum.

	Samtals	1.-4.	5.-7.	8.-10.
2016-2017	226	81	67	78
2017-2018	219	85	66	68
2018-2019	224	96	51	77
2019-2020	213	91	55	67
2020-2021	206	80	60	66
2021-2022	193	71	71	51



5. Skólanámskrá

Var sett upp í fyrra en það þarf að gera hana aðgengilegri á vef svo auðveldara sé að fletta upp

6. Starfsáætlun

Hefur ekki verið gefin út þetta haustið því köflunum um sjálfsmat og skólareglur er ekki lokið.

Í starfsáætlun skal m.a. birta upplýsingar um:

- stjórnskipulag skólans, þ.m.t. skipurit,
- starfsfólk skólans,
- skóladagatal, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa. Í skóladagatali skulu þeir 10 dagar, sem heimilt er að skerða viðveru nemenda auðkenndir, sérstaklega með skýringum,
- tilhögun kennslu, s.s. kennsluáætlanir,
- viðfangsefni innra mats,
- starfsáætlun nemenda, þ.m.t. upplýsingar um stundaskrá nemenda, foreldraviðtöl, helstu viðburðir skólaársins og vettvangsferðir,
- val nemenda í 8.–10. bekk,
- skólaráð, foreldrafélag og nemendafélag og starfsáætlanir þeirra,
- skólareglur,
- upplýsingar um stoðþjónustu, þ.m.t. skólaheilsugæslu og sérfræðiþjónustu,
- upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf,
- símenntunaráætlun,
- rýmingaráætlun,
- viðbrögð við vá, s.s. veikindafaraldri, óveðri, eldgosi, jarðskjálftum,
- annað sem varðar starfsemi skólans ár hvert, m.a. hagnýtar upplýsingar um opnunartíma skólans, viðveru sérfræðinga, mötuneyti, forföll og leyfi.

7. Áherslur

1. Olweus. Olweusarvikan verður 31.okt. – 4.nóv.
2. Umhverfisnefnd. Grænáninn
3. Áttthagafræði og heilsueflandi grunnskóli. Hver bekkur sé meðvitaður um nærumhverfi sitt. Í síðasta mánuði þrifu 10.b og 4.b skólalóðirnar sínar. Fiskveiðar - Láki tours hefur boðið upp á að fara með einn árgang út á sjó. Landbúnaður – áætlað að fara með 3. eða 4. bekk í sveitaferð suður fyrir heiði.
4. Upplýsingatækni. Haldnar voru Menntabúðir Vesturlands 29.sept. á Hellissandi sem fólk úr skólunum á Vesturlandi sótti og einnig nokkrir einstaklingar úr Reykjavík.
5. Heilsueflandi grunnskóli. Þátttaka í Erasmusverkefni.
6. Stærðfræði. Teymið er að kortleggja stöðu kennslunnar í skólanum og kemur með tillögur til úrbóta.
7. Læsi er í vinnslu
8. Nýbúar. Nemendur skólans eru frá 14 þjóðlöndum. Haldin var Fjölmenningarhátíð í Frystiklefanum 15. okt. og tók skólinn þátt í dagskrá hennar á ýmsan hátt. Þemadagar voru í sömu viku þar sem margvísleg verkefni voru unnin. Landinn á RÚV var með umfjöllun um hvoru tveggja.

8. Niðurstöður samræmdra prófa – læsi?

Útkoma hjá 7. bekk var í kringum og fyrir ofan landsmeðaltal en 4. bekkur var fyrir neðan landsmeðaltal.

Læsispróf – stefnt er að því að niðurstöður komi í janúar.

9. Ytra mat – bréf frá ráðuneytinu

- „Í stórum dráttum má segja að í Grunnskóla Snæfellsbæjar fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá....“
- Gerðar 59 athugasemdir hvað hefði mátt betur fara.
- Unnin úrbótaætlun. Lokið við 40 þættir að fullu, hafin vinna við 12 þætti og 7 settir á salt.

Ráðuneytið óskar eftir skýrslu varðandi úrbætur, vorið 2017.

10. Önnur mál

a) Fundartímar og staðir.

Ákveðið að fundir yrðu haldnir síðasta þriðjudag hvers mánaðar kl. 16:15 í Ólafsvík.

b) Viðhaldsverkefni

Erfitt reynist að fá iðnaðarmenn til starfa. Verið er að laga vegg í gamla skóla á Hellissandi.

Í vetrarfrí á að laga hljóðvist í eldhúsi í Ólafsvík. Mjög erfitt er að kenna þar.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 17:05

Elfa E. Ármannsdóttir

Aðstoðarskólastjóri